

Flutningur: Andri Hnikarr Jónsson

Reglugerð um bikarkeppni BLÍ

2. gr. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrikomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Mótanefnd BLÍ setur félögum tímamörk fyrir einstaka umferðir og setur á leiki. Það lið sem fyrst dregst fær heimaleik, þó skal það lið sem er í lægri deild ávallt fá heimaleik gegn liði sem er úr efri deildum. Lið skulu deila með sér ferðakostnaði (þó ekki gisti- né fæðiskostnaði) ef farið er um lengri leið en 100 km í aðra átt, séu innan við 500 km í aðra átt landleiðina skal miða við aksturskostnað annars kostnaður við flug.

(Höfuðborgarsvæðið reiknast allt út frá Reykjavík). Lið skulu eingöngu skipta útlögðum kostnaði á milli sín, BLÍ er heimilt að biðja um nótur því til sönnunnar.

Rökstuðningur: Kílómetrafjöldinn verði reiknaður út frá sama punkti þar sem aðstöðumunur er nánast enginn hjá liðum á Höfuðborgarsvæðinu.

Reglugerð um frestanir leikja

9. gr. Mæti lið ekki til leiks í **Úrvalsdeild**, 1. deild eða í bikarkeppni BLÍ skal viðkomandi lið tapa leiknum 3-0, (25-0, 25-0, 25-0). Jafnframt skal sama lið vera sektað um upphæð flugfargjalds á ÍSÍ-verði, 8 miðar báðar leiðir ~~RVK-ÁK-RVK~~ **250.000 kr.** Verði sektin ekki greidd innan þeirra tímamarka sem stjórn BLÍ ákveður getur hún útilokað umrætt lið frá allri keppni á vegum BLÍ þar til skuldin hefur verið greidd eða um hana samið. Ákvæði þetta gildir á milli keppnistímabila. Mæti lið í neðri deildum ekki til leiks í **helgarmóti** tapast leikur þess 3-0 **2-0** (25-0, 25-0, 25-0) ~~liðið verður ekki beitt fjárektum.~~ **auk þess sem liðið er sektað um 50.000 kr fyrir hvern leik.**

Rökstuðningur: Reynslan tímabilsins gefur ástæðu til þess að setja á sektir í neðri deildum Íslandsmótsins. ÍSÍ fargjald er ekki til og því þarf festa upphæð í sekt.

Leikmannaskráning

Reglugerð um Íslandsmót og Úrslitakeppni BLÍ

1.12 Lið skulu tilkynna til BLÍ um fyrirhugaða þátttöku í síðasta lagi þann 1. júní ár hvert og skal sækja um leikmannaleyfi fyrir leikmenn liðanna í síðasta lagi 15. september ár hvert.

Hvert lið skal telja fram að lágmarki 10 leikmenn til að fá keppnisleyfi. BLÍ gefur út leyfi fyrir hvern leikmann fyrir upphaf Íslandsmóts og Deildakeppni BLÍ. Hver leikmaður getur verið á leikmannaleyfum tveggja liða sama aðildarfélags BLÍ.

Rökstuðningur: Tryggja að lið leggi af stað í Íslandsmót með nógu marga í sínu liði.